



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýninga
á teikningum Errós
og verkum Christian Ludwig Attersee
Listasafni Reykjavíkur
3. september 2011**

Góðir sýningagestir

Það er sérstök ánægja að fagna í dag sýningu á teikningum Errós, tækifæri til að sjá feril hans í nýju ljósi, greina samhengi á langri leið, frá Klaustri til Reykjavíkur, Rómar, Flórens, Parísar og fleiri borga.

Hér getur að líta einstök sýnishorn í þroskasögu listamanns.

*

In addition we welcome Christian Ludwig Attersee who has been generous in bringing an exhibition of his graphic art. Ernst Hilger also plays a part in this extraordinary generosity since they have together donated over sixty works to the Reykjavík Art Museum.

We are indeed deeply grateful. Their gifts as well as Erró's donations in previous years are a strong statement of confidence in the Reykjavík art institutions and the cultural commitment of the Icelandic people.

On a lighter note we might observe that it is clearly wise to organize an Erró exhibition every year because he usually brings with him Ernst Hilger who donated to the museum last year a work by the pop artist Mel Ramos.

We could paraphrase what Gunnar said to Njáll in the famous thirteenth century Saga of Njáll: Indeed we value your gifts profoundly but your friendship is also precious.

Now, on the present occasion, the three friends – Erró, Attersee and Hilger – are accompanied by a distinguished group of collectors, curators, art scholars and other prominent personalities on the European art scene and I want to take this opportunity to welcome them all.

*

Erró hefur lengi verið ævintýramaðurinn í íslenskri myndlist, sveitrastrákurinn sem teiknaði í tjaldi á Klausturheiðinni og varð svo fyrsti heimsborgarinn í listasögu Íslendinga, sat fyrir rúmum sextíu árum í sunnlenskri sveit sem þá var enn afskekkt, samgöngur erfiðar, en byrjaði ungur að túlka stríð með línunum á blaði, gerði síðan í París mörg áhrifamikil stórverk um hildarleiki aldarinnar, blóðug átök í Evrópu og fjarlægum álfum, óf saman ádeilu og list með galdri sem mótaði merkilegt skeið í heimslistinni.

Íslendingar eru ekki aðeins stoltir af Erró; við erum líka þakklát fyrir ræktarsemi hans í okkar garð, hina stórfenglegu listaverkagjöf sem hann færði Reykjavík á sínum tíma og hefur haldið áfram að bæta við sem og styrktarsjóðinn sem hann stofnaði í minningu móðursystur sinnar og gert hefur mörgum íslenskum myndlistarkonum kleift að þroskast og vaxa, ná nýjum víddum með kynnum af ögrandi deiglu í öðrum löndum.

Sýningin sem við opnum hér í dag er enn einn vitnisburðurinn um hlýhug Errós í garð ættjarðarinnar, að gera okkur – og reyndar líka listaheiminum – kost á að kynnast á vettvangi Reykjavíkur hvernig teiknarinn ungi varð meistari þeirra verka sem þekkt eru orðin víða um veröld, hvernig snilldin í teikningunum, handbragðinu sem fyrst kom fram á Klaustri forðum, er í rauninni undirstaða listsköpunar sem í áratugi hefur verið heiðruð með sýningum í mörgum fremstu söfnum heims.

Það er líka til vitnis um að þræðir Errós og Íslands halda áfram að fléttast saman að sömu daga og Ísland verður í öndvegi á bókasýningunni miklu í Frankfurt er opnuð þar stórsýning á verkum hans.

Heimsmaðurinn í íslenskri myndlist og skáldin, bókmenntir okkar að fornu og nýju, mætast þar á þýskum vegi; tímamót sem sýna að þrátt fyrir erfiðleika fyrri tíðar er íslensk menning og listsköpun, skáldskapur og myndlist, sem spretta úr grýttum jarðvegi hér heima svo kostarík að standast hina ströngustu mælikvarða, en eins og Thor heitinn Vilhjálmsson sagði oft en einu sinni, þá er eini mælikvarðinn í listum heimsmælikvarðinn.

Ferill Errós, verk hans í hálfra öld og gott betur, og bókmenntirnar sem verða á dagskrá í Frankfurt fela í sér boðskap sem skiptir skapandi æsku lítillar þjóðar miklu máli, veganesti fyrir ungar kynslóðir á komandi

tímum, boðskap um að það er hægt að eiga í senn íslenskar rætur og verða heimsborgari í listum og skáldskap, að ræktarsemi við upprunann er góð kjölfesta í volkinu um heimshöfin.

Sýningin sem við opnum hér í dag ber vitni um þennan sannleik. Um leið og ég flyt Erró einlæggar þakkir bið ég hann að koma hingað og afhenda nýjan styrk úr minningarsjóði móðursystur hans, Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur, en styrkinn hlýtur nú ung listakona sem starfar í New York, Þórdís Aðalsteinsdóttir, og veitir móðir hennar honum viðtöku.

Með þessum orðum lýsi ég því yfir að sýningar á verkum Errós og Christian Ludwig Attersee eru hér með opnaðar.